

Opið hús

HRFÍ 9. nóvember 2016 kl. 20.00

Herdís Hallmarsdóttir formaður félagsins bauð gesti velkomna, en á milli 40-50 manns voru komnir kl. 20.00. Öll stjórn félagsins var samankomin til að hlusta á félagsmenn og svara spurningum og þetta einfalda form notað til að bregðast hratt við ákalli félagsmanna, Herdís kvað enga formlega dagskrá vera, öllum yrði frjálst að tjá sig um það sem þeim lægi á hjarta og varðaði félagið, ekki væri talið inn inn eða kannað hvort viðkomandi hafi greitt félagsgjöld. Herdís mæltist til að formaður laganevndar félagsins, Jónas Friðrik Jónsson, héldi um stjórnun mælendaskrár og þar sem ekki tókst að koma fjarfundarboðinu í gagn, yrði rituð fundargerð og birt á vef félagsins. Tók Guðný Rut Ísaksen að sér að rita hana. Beðist er velvirðingar ef ónákvæmni gætir í nöfnum mælenda

Herdís óskaði eftir að starfsmenn skrifstofu kynntu sig. Guðný Ísaksen, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Stefanía H. Sigurðardóttir, stóðu upp og héldu stuttar kynningar.

Þorsteinn Thorsteinsson (stjórn) bað um orðið til að kynna alþjóðlega sýningu félagsins sem fram fer næstu helgi. Þetta verður önnur þemasýningin í röð, en reynt verður að færa smá vetrarstemningu (Winter wonderland) í reiðhöllina í Víðidal frá og með föstudagskvöldi er hvolpasýning og keppni í ungum sýnendum hefst. Fimm dómamar verða hjá okkur að þessu sinni og skráðir eru 160 hvolpar og 611 stálpaðir. Tvær nýjar tegundir mæta til leiks en pudelpointer og bracco italiano koma á hvolpasýninguna. Dalmatíuhundur og bearded collie líka sjást líka aftur. Vel gekk að manna sýninguna að þess sinni og eru félagsmönnum færðar þakkir. Afreks og þjónustuhundar verða heiðraðir og sjálfbóðaliðum boðið í pitsuveislu á þriðjudagskvöld eftir sýningu. Það er hugmynd sem sett var fram á fulltrúaráðsfundi og fékk þar almennt góðar viðtökur. Sýningar byggja á sjálfbóðaliðum og án þeirra gætum við ekki gert þetta án hækunar sýningargjalda. Þorsteinn hvetur alla til að mæta og hafa gaman af.

Arnheiður Runólfsdóttir er með 2 spurningar

1. eru til vinnureglur hjá HRFÍ ef starfsmaður eða sjálfbóðaliði verður uppvís að stuldi? eru refsiakvæði? T.d. kært til lögreglu eða siðanefndar.

Herdís svarar að stjórn hafi að undanförunni unnið að því að bæta verklagsreglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk á skrifstofu en í tilvikum sem þessum séu það almennar reglur vinnuréttarins sem gilda.

Ef mál varðar félagsreglur, er þeim vísað siðanefndar sem er sá aðili innan félagsins sem getur beitt viðurlögum innan félagsins. Margar deildir eru með sjálfstæðan fjárhag og stjórnir deilda bera ábyrgð á því starfi sem þar fer fram. Ef misfarið er með fé innan deilda þarf stjórn deilda að taka á því og bregðast við. Getur deild einnig leitað til stjórnar HRFÍ og óskað eftir aðstoð.

Ef launaður starfsmaður HRFÍ brýtur af sér í starfi, heyrir það undir svið vinnuréttar. Sé brot í starfi stórfellt þá er brottrekstur úr starfi eðlileg viðbrögð og hugsanlega er rétt að kæra viðkomandi, en hvert tilvik verður að skoðast fyrir sig. Ekki hægt að setja eina almenna reglu því ekkert tilvik er eins. Hvert og eitt tilvik þarf að skoða og meta sérstaklega.

Nánar er spurt út í brottrekstur úr félaginu (úr sal) þá svaraði Herdís því til að það siðanefnd færi með slíkt vald innan félagsins.

Sjálfstæður fjárhagur deilda er ekki í öllum deildum og engar almennar reglur verið settar samhliða.

2. Ábyrgð verkefnastjóra er minni en framkvæmdastjóra - hefur launakostnaður félagsins minnkað?

Herdís: Stjórn ákvað að taka til sín öll mannaforráð eftir starfslok fyrrv. framkvæmdastjóra, þ.e. frá og með 31. október sl., til að koma þeim málum í góð horf. Stjórn ber ábyrgð á starfsmannamálum skv. lögum félagsins. Stjórn vill m.a. betrumbæta verklagsreglur á skrifstofu og er vinna við það hafin. Þar sem stjórn hyggst halda utan um þessi mál a.m.k. um einhvern tíma, þótti rétt að sá aðili sem kæmi í stað Fríðar myndi ekki bera heitið framkvæmdarstjóri, því almennt felur starfsheitið í sér mannaforráð. Að öðru leyti eru verkefni þau sömu og verkefni framkvæmdastjóra voru. Launakostnaður er óbreyttur.

3. Soffía spyr: Alltaf verið að tala um að við eigum lítinn pening. Hvað kostaði að nota Hagvang til að ráða og þannig til að spara, var ekki hægt að leita inn á við til félagsmanna og spara það?

Auður Sif Sigurgeirsd. (stjórn): Leituðum til fagaðila, líkt og síðast, til að ráða nýja manneskju og vildum að utanaðkomandi aðili sæi um ferlið, enda mátti búast við að félagsmenn og einhverjir sem stjórnarmenn þekktu myndu sækja um. Leitað tilboða hjá fjórum fyrirtækjum, þrjú skiluðu tilboðum og við fengum besta tilboðið frá Hagvangi. Hagvangur bauð 250 þús, Capacent 310 þús og Ráðum 580-630 þús. Hagvangur sá um allt ferlið en 31 umsókn barst. Eftir að unnið hafði verið úr gögnum og tekin viðtöl, valdi Hagvangur fimm aðila úr hópnum sem taldir voru hæfastir og voru tekin önnur viðtöl við þá sem fulltrúum stjórnar HRFÍ var boðið að taka þátt í. Fóru Auður Sif og Pétur Alan sem fulltrúar stjórnar. Stjórn fékk ekki upplýsingar um hverjir aðrir sóttu um. Fulltrúar stjórnar og Hagvangs voru sammála um niðurstöðuna, að starfið yrði boðið Guðnýju.

Spurning frá Soffíu: Getum við tekið upp félagsfundi aftur, hittumst bara á aðalfundi og það er ekki nóg. Ekki hægt að rökræða þar. Soffía vill félagsfund aftur tvisvar á ári. Leið til að minnka ósætti og skiptast á skoðunum.

Herdís: lít svo á að þetta sé ábending um að félagsmenn vilji ræða meira saman og við fögnum því. Góð ábending með félagsfund því það er alltaf gott að hittast og ræða málin..

4. Spurning: Sigurbjörg (Silla): Eru til verklagsreglur varðandi uppgjör á deildarsýningum. Að gera upp við deildir sem kaupa þjónustu af félaginu. Hvað gefum við okkur langan tíma til að gera upp skuldir við deildir.

Herdís. Engin skráð verklagsregla en eitt af því sem er til skoðunar með nýjum verklagsreglum. Skrifstofa hefur séð um þetta hingað til.

5. Guðbjörg spyr: Umræður á netinu á einhverri lokaðri grúbbu fyrir félagsmenn HRFÍ sem ég reyndi að fá aðgang að. Getur einhver útskýrt fyrir mér hvað er í gangi þar?

Auður: Stjórn félagsins ekki í grúppunni.

Klara Hafsteins, smáhundadeild: Segir grúbbuna umræður hóps félagsmanna í HRFÍ. Hún hélt fyrst að þetta væri opið öllum félagsmönnum. Þarna voru umræður um t.d. að fá félagsfund. Hún reyndi að setja annan félagsmann inn sem var blokkaður Hún fór þá út. Finnst að allt eigi að vera uppi á borðum og hún fagnar opnu húsi stjórnar sem svari við kalli frá fólki. Gott að hittast og gott að ræða saman. Kalli sem þurfti að svara fyrir sýningu. Væri gaman að stofna grúppu sem væri opin fyrir alla félagsmenn í HRFÍ.

Soffía: Einhverjir voru blokkaðir í grúbbunni sem voru að gefa í skyn að þar væri eitthvað baknag í gangi. Ekkert slíkt var í grúbbunni.

Afhverju er hún þá lokuð er spurt úr sal.

Fundarstjóri bendir á vegna umræðu um félagsfund, að hægt sé að nota mismunandi fundarform, félagsfundir séu mjög formlegir, þarf að boða með ákveðnum hætti og hafa auglýsta dagskrá osfrmv. og þeir séu að jafnaði notaði í félögum þegar taka þarf ákvarðanir sem eru t.d. umfram heimildir stjórnar. Það geti verið heppilegra að hafa viðburð eins og þennan til almennra skoðanaskipta.

Silla: Var “addað” í grúbbuna án beiðni. Ekki sammála allri umræðunni þar og nefnir undirskriftarlista sem er í gangi um að fara fram á félagsfund. Spyr aftur um peninga sem sitja hjá skrifstofunni vegna tafa á uppgjörum og þá hvort skrifstofa eigi ekki að borga vexti af peningum sem liggja í langan tíma hjá félaginu.

Pétur: Frábært að félagsmenn vilja funda, finnst opinn fundur/opið hús betra form en formlegur félagsfundur. Áður voru miklu færri deildir og netið óvirkara/ekki til. Vill meira af opnum fundum og opnu húsi. Fulltrúaráðsfundir eru ekki eins virkir og þeir voru og hafa ekki verið eins markvissir og þeir gætu verið. Erum að reyna að finna leiðir með það.

Pétur um uppgjör deildarsýninga: Áður fyrr var gert upp um áramót og það var ekki líðandi. Þegar búið er að gera upp sýningu á að klára þetta sem fyrst. Verklagið er í vinnslu hjá stjórn.

Pétur nefnir að hann var sjálfur í opinni grúppu um HRFÍ sem allir voru velkomnir í og þar var góð umræða. Fann undirskriftarlistann sem nefndur var á opinni síðu, ekkert að því, frjálst félag. Fleiri opna fundi segir Pétur.

Þorsteinn Þorbergsson, félagslega kjörinn skoðunarmaður félagsins: Þorsteinn útskýrir hutverk skoðunarmanna og nefnir að undanfarin ár hafi hann einnig verið ráðgefandi við framkvæmdastjóra varðandi bókhaldsmál. Honum finnst ekki rétt að einstaklingar “úti í bæ” séu að leggja út fyrir kostnaði deilda og fá greiðslur frá félaginu inn á persónulega reikninga sína, eða að deildarmeðlimir séu að greiða inn á slíka einstaklingsreikninga vegna deildarviðburða. Ekki allar deildir eru með kennitölu og eigin reikning. Hann gerir það að tillögu sinni, ef stjórn vill taka það til athugunar, að fyrirkomulagi á þessum málum verði breytt og að deildir eigi t.d. aðgreinda inneign hjá félaginu, á reikningi HRFÍ, sem stjórnendur deildanna geti ráðstafað.

Arnheiður: Íþróttadeild geymdi peninga hjá félaginu eins og Þorsteinn vísar til og ætluðum að nota þá í deildarstarf. Peningurinn var notaður án samþykkis deildarinnar til að greiða leigu á húsnæði. Olli gremju og leiðindum þannig að ef það verða breytingar þurfa allir að skilja hvorn annan.

Stefanía H. Sig: Finnst tillaga Þorsteins skynsamleg.

Klara: Kynnir sig, er starfsmaður HRFÍ, í fæðingarorlofi, sér m.a. um bókhald félagsins. Nefnir að dæmi Heiðu sé úr fortíðinni og svona eigi ekki að geta gerst í dag. Deildir eru með sér bókhaldslykla, allt er skráð niður á einstakar deildir. Ef stjórn hefur áhuga á að gera það sem Þorsteinn leggur til er einfalt að fylgjast með hvað hver deild á til ráðstöfunar hjá félaginu.

Pétur Alan: Bendir á að samkoman hafi ekki samþykkt upptökur á máli manna, en dæmi eru um að fundur hjá félaginu hafi verið tekinn upp og settur á netið í óþökk félagsmanna. Hann biður fólk um að biðja um leyfi fyrir upptökum.

Theodóra Róbersdóttir: Er að varpa live á Facebook fyrir landsbyggðarfólk. Ekki upptaka, eyðist jafnóðum.

Samkoman virðist ekki gera athugasemdir.

Soffía: Deildarfjármunir eru notaðir til annars en sýninga. Okkur var ráðlagt að biðja um kennitölu, stofna reikning á nafni shih tzu deildar og þar geymum við peninga og skilum hreyfingum og stöðu í árslok.

Guðrún Helga: Tillaga til stjórnar: Engir peningar á einkareikningum deilda, en hver deild væri með prókúru (ásamt skrifstofu) á sérstakan reikning sem væri opnaður fyrir deildina á kennitölu Hundaræktarfélagsins. Þekkir til slíks fyrirkomulag í stóru foreldrafélagi sem heldur utan um árgangsstarf.

Ragnar Sigurjóns: Talar um að auka þurfi aðsókn á sýningar, honum finnast sýningarnar þetta bera með sér að vera fyrst og fremst fyrir ræktendur. Þarf að gera þetta aðgengilegra fyrir aðra. Hann talar einnig um húsnæðismál og kallar eftir hentugu húsnæði fyrir ýmsa vinnustarfsemi félagsins.

Þorsteinn Thorsteins.: Vill leggja áherslu á að deildirnar hafi a.m. kennitölu. Óeðlilegt sé að deildarmeðlimir þurfi að leggja inn á einkareikninga vegna viðburða og það sé að gerast. Það verður að vera inn á félag eða deild svo formið sé rétt.

Sigurbjörg (Silla): Vill leggja áherslu á að við, félagsmenn, séum félagið, það er hvorki betra né verra en við erum.

Þorsteinn Þorbergsson: Vill ítreka skoðun sína að allir fjármunir, líka fyrir deildir, fari inn á reikning á nafni/kennitölu félagsins. Hætta kennitölum deilda. Erum með fólk í vinnu við að færa bókhald og aðstoða deildir við slík málefni. Þetta á að vera viðfangsefni skrifstofunnar.

Linda (DÍF) spyr hvort tillagan sé sú að leggja niður eigin fjárhag deilda og að Klara sjái um öll þau mál. Spyr hvernig eigi þá að fara með það ef leggja þarf út peninga til að greiða kostnað, eigi stjórnendur deilda þá að gera það sjálfir og koma svo með kvittanir á skrifstofu félagsins?

Þorsteinn Þorbergsson: Skrifstofan er með kreditkort og sæji um að leggja út fyrir kostnaði. Fólk “úti í bæ” á ekki að leggja út upphæðir fyrir Hrfí. Tillagan gæti verið sú að reikningarnir séu undir kennitölu HRFÍ og félagið sjái um umsýslu. Ellegar væri hægt að hafa inneignarreikninga. Einstaklingar eiga allavega ekki að leggja út fyrir kostnaði félagsins. Það er óeðlilegt.

Soffía: Í mörg ár var barist fyrir því að deildir fengju sjálfstæðan fjárhag, áður þurfti alltaf að fara niður í félag til að ná í pening. Hefur reynt okkur vel að vera með reikning á kennitölu deildarinnar og allt kemur fram í ársskýrslunni. Finnst það betri kostur og minna álag á starfsfólk skrifstofu.

KAFFIHLÉ

Soffía: Kemur með spurning varðandi sögur um brottrekstur starfsmanns. Hún segir sögusagnir um að fjármunum hafi verið stolið og telur eðlilegt að hreinsa andrúmsloftið. Félagsmenn þurfi að vita hvort þetta sé satt eða ósatt. Mjög erfitt sé fyrir viðkomandi að standa undir svona sögum og rétt að afgreiða þær út af borðinu ef þetta er ekki rétt.

Guðbjörg Guðmunds svarar f.h. stjórnar að því miður hafi það komið upp að fjármunir voru lagðir inn á einkareikning starfsmanns sem áttu að fara til félagsins. Þeim var ekki skilað fyrr en starfsmaður var beðinn um það af framkvæmdastjóra. Biður félagsmenn um að hafa biðlund og sýna nærgætni á meðan stjórn lýkur skoðun á málinu.

Helga Þórðardóttir: Kveðst hafa verið lengi í félaginu og þyki vænt um það. Spyr hvort félagið okkar sé byggt eingöngu upp á sýningum eða hvort aðrir viðburðir eigi þar sess, eins og hlýðni, mental test og fleira skemmtilegt.

Ragnar Sigurjónsson tiltekur að starfið sé í deildunum, þær séu missterkar og það þurfi alltaf einhvern til að draga vagninn sem hefur brennandi áhuga og sem dregur aðra með sér. Hann nefnir einnig aðstöðuleysi, hann hefur komið að hundafimi, ss. sem dómari og aðstaðan og tækin séu ekki bjóðandi.

Margrét Bára (DÍF) nefnir að hún hafi frétt af áður nefndri facebook grúbbu HRFÍ félagsmanna. Hún sé áhugasöm um allt í félaginu og taki þátt í öllu starfi sem hún geti, en hún hafi ekki fengið aðgang í grúbbunna og fannst það miður. Margrét nefndi hundasýningarnar, henni finnst þær skemmtilegar, en fyrir marga væru þær ekki nógu áhorfendavænar. Þá óskaði hún eftir að fá upplýsingar um þennan undirskriftalista sem væri í gangi, hann varðaði félagið og hún hefði áhuga á öllu sem því viðkæmi.

Pétur Alan svarar varðandi hundafimitækin: HRFÍ er með samning við SS sem greiðir 250.þ til hundafimi árlega. Það var ekki starfsemi í þessu eða áhugi á að sækja þessa peninga í einhvern tíma. Peningarnir fyrir síðasta ár voru sóttir og nú er vonandi verið að byggja upp starfið og allt á réttri leið. Pétur auglýsir líka eftir sjálfboðaliðum í Sólheimakostnefnd, hvetur fólk til að nýta kotið og vera með. Hann segir veginn að kotinu í fínu lagi en að það sé vatnslaust í dag, verið sé að vinna í þeim málum. Varðandi húsnæðismál nefnir hann að Herdís hefur farið m.a. á fund borgarstjóra til að ræða mögulegar lausnir, stjórn sé alltaf að skoða þau mál. Óskar eftir ábendingum frá félagsmönnum, núverandi húsnæði sé óhentugt fyrir marga sakir.

Bent á að aðgengi félagsmanna sem eru með þjónustuhunda er ekki í lagi, einstaklingar sem hafa skerta hreyfigetu geta ekki komið í félagið.

Silla: Vill ítreka að við félagsmenn erum félagið. Það verði ekkert betra eða verra en við erum. Hún nefnir að allir geti tekið þátt í fleiru en sýningum, chihuahua tók t.d. bronspróf í hlýðni um daginn. Segist hafa verið í hundafimi en hætt vegna aðstöðuleysisins.

Ragnar Sigurjóns: Hundafimitækin sem voru í Sólheimakoti eru að mestu ónýtt. Hægt að finna styrktaraðila ef viljinn er fyrir hendi. Hann telur betra að kaupa ný tæki en gera við þau gömlu. Eigum samt ekki almennilegt geymsluhúsnæði og það fer ekki vel með tæki að geyma þau í gámi.

Vordís: uppsetning sýningar er kl. 18.00 á morgun, allir velkomnir.

Ekki fleiri mælendur.

Herdís kveður og þakkar öllum fyrir komuna. Gott að eiga samtalið og hreinsa loftið. Hún kveður stjórnarmenn vilja vera aðgengilega félagsmönnum og hvetur félagsmenn til að taka mál upp við stjórn sem á þeim hvíla í stað þess að giska í eyðurnar. Óskar öllum góðs gengis um helgina sem ætla að taka þátt í sýningunni.

Mælendaskrá lokað. Opnu húsi lokað kl. 22.00.